

- 37** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Samkomuhússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samkomuhússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, Norðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Samkomuhússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af Lifrarbræðslufélagi Norðfirðinga. Er stofnfé hans nú 1. jan. 1934 kr. 7825,57 — sjö þúsund átta hundruð tuttugu og fimm krónur og 57 aurar. Vextir skulu árlega lagðir við höfuðstól, sbr. þó 4. gr.

3. gr.

Allt að tveim þriðju af höfuðstól sjóðsins á hverjum tíma skal heimilt að lána til byggingar eða kaupa á samkomuhúsi í Neskaupstað, þó ekki yfir 6/10 — sex tíundu — af kaup- eða kostnaðarverði hússins, gegn fyrsta veðrétti í húsinu ásamt lóðarréttindum, enda sé húsið eign hins opinbera eða félags er árlega nýtur styrks af opinberu fé. Lánið eða lánin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á tuttugu árum, ef húsið er timburhús, en á þrjátíu árum ef húsið er steinhús, ásamt ársvöxtum sem miðaðir skulu við sparisjóðs innlánsvexti á hverjum tíma.

Að öðru leyti skal sjóðurinn ávaxtaður í Sparisjóði Norðfjarðar. Hætti sú stofnun störfum skal fé sjóðsins ávaxtað í tryggri lánsstofnun er heimilisfang hefir innan núverandi takmarka Neskaupstaðar, ef slík lánsstofnun er til eða verður til. Starfi engin trygg lánsstofnun í Neskaupstað skal féð ávaxtað í tryggri lánsstofnun innan Austfirðingafjórðungs.

4. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 15000,00 kr. — fimmtán þúsund krónur — skal heimilt að verja helmingi árlegra vaxta til þess að styrkja rekstur kvikmyndahúss í Neskaupstað, þó því aðeins að kvikmyndahúsið sé rekið af hinu opinbera eða félagi sem nýtur árlegs styrks af opinberu fé. Telji stjórn sjóðsins það heppilegra skal heimilt að verja vaxtahlutanum til styrktar íþróttaiðkana í Neskaupstað, enda standi slíkar íþróttaiðkanir undir eftirliti bæjarstjórnar og njóti styrks af opinberu fé. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50000,00 — fimmtíu þúsund krónur — skal heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxta í sama skyni.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Í henni eiga sæti: bæjarstjóri Neskaupstaðar, sjálfkjörinn, einn maður kosinn af bæjarstjórn og einn kosinn af aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, báðir til fjöggra ára í senn. Hætti Lifrarbræðslufélagið störfum, eða leggist niður, kys bæjarstjórn báða nefndarmennina.

37

25. apríl

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins ljúka reikningum í janúarmánuði ár hvert.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga 21. jan. 1934.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1934. Skipulagsskráin er þannig:

38

25. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga, Norðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjúkrahússjóður Lifrarbræðslufélags Norðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af Lifrarbræðslufélagi Norðfirðinga. Er stofnfé hans nú kr. 8028.66. Vextir skulu árlega lagðir við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til kaupa og viðhalds innanstokksmuna í sjúkrahús Neskaupstaðar, svo og áhalda og muna er sjúklingum getur að haldi komið og miða að fullkomnum stofnunarinnar sem sjúkrahúss, án þess að gangi í rekstur eða viðhald sjálfrar byggingarinnar. Loks má síðarmeir, þegar hérgreindum tilgangi þykir fullnægt svo að vel sé, veita úr sjóðnum styrk fátækum sjúklingum